

MONITOR



FRÍTT
EINTAK





TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Meistararnir okkar vilja Pedigree

Við elskum hundana okkar og þess vegna gerum við allt til að halda þeim sterkum, heilbrigðum og ánægðum. Heimsenda-meistararnir* fá góða og holla næringu og ekki síður glansandi fallegan feld. Við gefum hundunum okkar Pedigree.

Björn Ólafsson – BIPDT
Lára Björk E. Birgisdóttir

Pedigree:

-  eflir náttúrulegar varnir
-  styrkir liði og vöðva
-  styrkir tennur og tannhold
-  gefur feldi hundsins aukinn glans

PIPAK\TBWA - SÍA - 100795



* Íslenskir og alþjóðlegir meistarar á sýningum HRFÍ

Pedigree

Fyrir hundinn þinn

Monitor vill fá plötu með FLOW FLOW í jólapakkann.



NÍELS THIBAUD GIRERD NOTAST VIÐ LISTAMANNSNAFNIÐ NILLI VANILLI

Ég var í ballett í þrjú ár til 13 ára aldurs. Það eru ekki allir rapparar fyrrverandi ballettdansarar.

Eins og ég hefði átt afmæli

Niels Thibaud Girerd er orðinn netstjarna eftir að rappmyndband af honum fór eins og eldur í sinu um netið. „Hef fengið mikil viðbrögð,“ segir Niels.

„Eftir viðtalið velti ég því fyrir mér hvort ég hefði verið að gera mig að fifli, en ég hugsaði að það myndi örugglega enginn sjá þetta. Næst þegar ég vissi var þetta orðið eitt af vinsælustu myndböndum mbl.is og yfir þúsund manns búnir að gera „lika við þetta“ á Facebook,“ segir hinn hálffranski Niels Thibaud Girerd, 17 ára nemi við Menntaskólann í Hamrahlíð. Niels kom fyrir í myndskaiði Monitor frá Airwaves um síðustu helgi þar sem hann rappaði eftir að hafa játað aðdáun sína á tónlistarmanninum Berndsen og fengið bolinn hans að gjöf. „Ég hef fengið mikil viðbrögð í skólanum og á Facebook. Það var bara eins og ég hefði átt afmæli. Fólk hefur kallað mig snilling og meistara og fleira sem gleður mitt litla hjarta,“ segir Niels.

Stoppaður úti á götu

Myndskeiðið birtist á laugardagsmorgun og strax um kvöldið fór fólk að stoppa hann úti á götu og einhverjir báðu hann um að taka rímu. „Það komu til dæmis tvær skvísur á kjúklingastaðnum í Suðurveru upp að mér og sögðu: „Sælir Nilli. Ertu ekki Nilli?“ Og ég sagði: „Það er ég.“ Svo báðu þær mig um að rappa, en ég gerði það nú reyndar ekki,“ segir Niels, sem fer fyrir hljómsveitinni FLOW FLOW.

„Ég sagði reyndar í myndbandinu að hljómsveitin mín væri glötuð, en það er misskilningur. Þetta er frábær hljómsveit,“ segir hann. Hljómsveitin hefur aldrei komið fram opinberlega og á reyndar aðeins tvö lög. „Þau heita Cum Machine og Pilsner í kók,“ útskýrir Niels. Spurður um fortíð sína og hvað hann geri annað en að rappa svarar Niels: „Ég æfði fótbolta í fimm daga árið 1999, var í kór og síðan var ég í ballett í þrjú ár til 13 ára aldurs. Það eru ekki allir rapparar fyrrverandi ballettdansarar.“

Hlustar ekkert á rapp

Niels kveðst vera mikill tónlistaráhugamaður en segist meðvitaður um að hæfileikar sínir í rappinu séu takmarkaðir. „Ég hef rosalega gaman af tónlist þótt ég sé einn ótaktvissasti maður sem Ísland hefur getið af sér,“ segir Niels og neitar því að hann sé mikið inni í rapptónlist. „Í hreinskilni sagt hlusta ég ekkert á rapp þó að ég sé rappari. Ég hlusta aðallega á klassíska tónlist og er mjög fróður um hana. Ég hlusta líka á gamla íslenska tónlist eins og Villa Vill, Ragga Bjarna og Stuðmenn,“ segir Niels, sem ætlar sér að nýta nýfengna athygli sína til þess að gefa út lag með FLOW FLOW. „Það yrði ógeðslega gaman,“ segir hann léttur.

Monitor mælir með

MALLAKÚTINN Þeir sem hafa fengið leið á erli miðbæjarins og vilja borða í ró og næði ættu að skella sér á **Nauthól Bistro** í Nauthólsvíkinni. Þar má fá alls konar gómsætan mat og ekki skemmir fallegt útsýnið fyrir.



EÍÓ Baltasar Kormákur leikstýrir spennmyndinni

Inhale sem er frumsýnd um helgina. Myndin segir frá pari sem er tilbúið að gera næstum hvað sem er til að fá lungnagjafa fyrir dóttur sína, sem er við dauðans dyr. Eitursvöl kvikmynd sem veltir upp spurningum um hvað er rétt og rangt og ekki skemmir fyrir að henni er leikstýrt af Íslendingi. Monitor er að gefa miða á myndina á Facebook.

GRÆJUSAFNIÐ Allir sannir tölvuleikjaaaðdáendur þurfa að eignast **Playstation Move** stýripinnann. Um er að ræða þróaðlausa, hreyfinaema fjarstýringu sem haldið er á í annarri hendi. Pinninn býður upp á enda-lausa mögu-leika fyrir hina ýmsu tölvuleiki. Búnaðurinn er töluvert ódýrari en slík tækni hefur verið hingað til svo fátækir námsmenn geta leyft sér þennan munað og skellt sér í borðtennis heima í stofu.



Vikan á...

facebook

Tobba Marin-ósdóttir skrifar jólagjafalista og hlustar á jólalög ... og borðar grænmeti - en hugsar um piparkökur!

19. október kl. 11:51

Vala Grand GETA allir heitir gaurar send mér mynd af sér.....svo ég get sagt við jólasveininn hvað mig langar í jóla Gjóf ahahahahahaon

17. október kl. 21:48

Egill Gillz Einarsson Þessi vika mun verða besta æfingavika ævi minnar! 4% here i come!

17. október kl. 14:28

Dóri DNA Hef það fyrir sið, eftir að ég klára bók, að rífa hana í tvennt og öskra.

16. október kl. 20:48

Gylfi Þór Sigurðsson Loksins byrjadur að flytja inni nýja husid!

15. október kl. 20:44

Feitast í blaðinu

Poppunktur frægri og fallegra heldur áfram með Ingu Lind og Dóru Maríu. >>4

Stíllinn skoðaði meðal annars götutískuna á Iceland Airwaves. >>6

Ágústa Eva Erlendsdóttir leik- og söngkona er með mörg járn í eldinum. >>8

Bíóhús landsins eru í fullu fjöri. Frumsýningar helgarinnar skoðaðar. >>12

Haukur Heiðar söngvari Diktu þreytir lokapróf Monitor að þessu sinni. >>14

Efst í huga Monitor

Að loknu Airwaves

Monitor fylgdist vel með Iceland Airwaves um helgina en hátíðin heppnaðist í alla staði mjög vel í ár. Fjölmargar hljómsveitir stígu á stökk og trylltu lýðinni með sviðsframkomu á heimsklassa og frábærum lögum. Veðrið um helgina var ekki eins og best var á kosið en tónleikagestir létu það ekki á sig fá og hikuðu ekki við að bíða í röð eftir vinsælum tónleikum á hátíðinni.

Það var virkilega gaman að sjá hversu stór hátíðin er orðin og ótrúlega skemmtilegt að íslensk tónlistarhátíð dragi að sér svo marga erlenda gesti og listamenn. Íslensku tónlistarmennirnir gáfu þeim erlendu ekkert eftir frekar en vanalega og má þar til dæmis nefna rokkarana í Reykjavík! sem héldu geðveika tónleika á Nasa á föstudagskvöldinu. Hvað varðar íslenska gesti hátíðarinnar báru þeir höfuð og herðar yfir aðra gesti og voru þjóð sinni til sóma. Nú byrjum við að telja niður til næsta árs.



Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) Umbrot og hönnun: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is)

Sígn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) Auglýsingar: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Forsíða: Gólli

Grafík: Elín Esther Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569-1136 Netfang: monitor@monitor.is



POPPUNKTUR fræga og fallega fólksins

Dóra María og Inga Lind mætast í annarri viðureign átta liða úrslita.

Skinkujúllur slá í gegn

„Það er staðreind að strákar fíla skinkur þó þeir geri grín að þeim,“ sagði Kristjana María Ásbjörnsdóttir er Monitor náði tali af henni. Kristjana og Erna Dís Eriksdóttir, sem saman kalla sig Minore, settu inn tónlistarmyndbandið Kvennabósi á YouTube þar sem stelpurnar sungu um júllur og fleira. „Þetta var bara djók í fyrstu en samt viljum við sýna fram á að skinkur eru bara venjulegt fólk,“ segir Kidda og bætir við að skinkur eigi undir högg að sækja í samfélaginu. „Stelpur gera sig að skinkum til að heilla stráka og svo er gert grín að þeim.“ Von er á fleiri myndböndum frá þeim Kiddu og Ernu en Kvennabósi hefur nú þegar fengið um 35 þúsund áhorf á rúmri viku.



Allt sem þú átt á leiðinni

Fyrsta breiðskífa tónlistarmannsins Friðriks Dórs er væntanleg til landsins á mánudag og biða hinir fjölmörgu aðdáendur kyntróllsins vafalaust spennir eftir gripnum. „Þetta er geðveik plata,“ sagði Friðrik Dór er Monitor náði tali af honum í ræktinni en hann fær til liðs við sig stjórnur á borð við Blaz Roca, Steinda Jr. og Ásgeir Orra Ásgeirsson á plötunni. Einnig er einn smellur á lagalistaðum með Friðriki Dór og bróður hans Jóni Ragnari Jónssyni sem er einmitt í hljómsveitinni Jón Jónsson. „Ég hvet ykkur til að kaupa plötuna, ekki ræna henni á netinu,“ skrifar Friðrik Dór til aðdáenda sinna á Facebook síðu sinni í dag. „Það er svo miklu nettara að eiga hana.“



DÓRA MARÍA
KNATTSPYRNUHETJA

1. Hver kom í staðinn fyrir Pete Best í Bítlunum?
2. Með hvaða hljómsveit er platan OK Computer?
3. Hvað heitir Bubbi Morthens í raun?
4. Hver þessara hljómsveita hefur ekki spilað á Íslandi – Led Zeppelin, Muse, Queen eða Goldplay?
5. Með hvaða barnabandi er platan Gamalt og nýtt?
6. Á hvað spilar Þorvaldur Bjarni aðallega í Todmobile?
7. Í hvaða lagi fá Sigur Rós blóðnasir?
8. Hvers lensk er hljómsveitin Roxette?
9. Hver reif mynd af páfanum í sjónvarpinu 1992?
10. Hver heitir hinn í Wham!?
11. Hvaða ár var Nylon flokkurinn stofnaður?
12. Hvaða íslenski Idol-sigurvegari gerði plötuna Lalala?

6
RETT

9
RETT

DÓRA MARÍA INGA LIND

- | | |
|--------------------------------------|---|
| 1. McCartney. | 1. Ég giska á Paul McCartney. |
| 2. Radiohead. | 2. Radiohead. |
| 3. Ásbjörn Morthens. | 3. Hann heitir Ásbjörn. |
| 4. Queen. | 4. Queen. |
| 5. Rokklingunum. | 5. Rokklingunum. |
| 6. Var það píanó? | 6. Er hann ekki á bassa? |
| 7. Hoppipolla. | 7. Hoppipolla. |
| 8. Hún er kanadísk. | 8. Þetta eru Svíar. |
| 9. Það hefur verið Mick Jagger. | 9. Giskum á Elton John. |
| 10. Ég verð að segja pass við þessu. | 10. Hann hét Andrew Ridgeley. Þetta er síðan ég var átta ára. |
| 11. 2004. | 11. 2004. |
| 12. Snorri. | 12. Var það ekki Hildur Vala? |



INGA LIND VERÐANDI
STJÓRNLAGAÞINGMAÐUR

„Hefði mátt giska betur“

„Ég veit ekkert um tónlist þannig að þetta var bara ágætt. Ég hefði kannski mátt giska betur,“ sagði knattspyrnukonan Dóra María Lárusdóttir og tók ósigrinum með sæmd. Hún vonast til að Inga Lind fari alla leið í keppninni svo hann geti sagst hafa tapað fyrir þeim besta. „Ég óska henni bara góðs gengis í undanúrslitunum og ekki síður á stjórnlagapönginu. Þetta er mín kona núna,“ sagði Dóra María.

„Þær stóðu sig vel stelpurnar en Inga Lind aðeins betur, enda aðeins eldri og það telur. Alveg fjaránlegt samt að þær hafi ekki vitað að Pete Best var trommari Bítlanna áður en Ringo Starr var tekinn inn. Ég hélt nú að allir væru með svona beisik á hreinu!“



NÝJA POPPPUNKTSSPILIÐ ER
VÆNTANLEGT Í VERSLANIR Í NÓVEMBER.

„Ég þakka Svanhildi og Loga“

„Ég er fyrst og fremst óttaslegin því nú þarf ég að halda áfram. Ég hef klárlega komist áfram á heppni, en það er ekki víst að ég verði svona heppin næst,“ sagði Inga Lind Karlsdóttir hógvæð með eindæmum eftir keppnina. Hún þakkaði sjónvarpsfólkinu Loga Bergmann og Svanhildi Hólm sérstaklega.

Dónalegu kortin vinsælust



Þórunn Stefánsdóttir og Hulda Rúnarsdóttir búa til öðruvísi tækifæriskort.

Mæðgurnar Þórunn Stefánsdóttir og Hulda Rúnarsdóttir handskeyta kort fyrir hin ýmsu tilefni. Kortin eru hvert öðru skemmtilegra og fást í hinum ýmsu blómabúðum, en textarnir sem þrýða þau koma skemmtilega á óvart. „Ég byrjaði á þessu fyrir rúmum 15 árum,“ segir Þórunn en þær mæðgur áttu saman blómabúð í Grafarvoginum á þeim tíma. „Við hættum með búðina í kringum aldamót en héldum kortagerðinni áfram vegna vinsælda þeirra,“ segir Þórunn en fyrir henni er kortagerðin tólmstundagaman. „Ég er orðin 73 ára gömul og hætt að vinna og þetta er sniðugt til að dunda sér við.“

Kortin eru flest hjartalaga með hin ýmsu skilaboð rituð framan á. Þau sem vekja mesta athygli eru helst ástarkortin en í þeim flokki má nefna kortin Besti bólfélaginn, Ég elska að

sofa hjá þér og Þú ert kroppur. „Þetta bara kemur upp í hugann,“ segir Þórunn en Hulda bætir við að stundum þurfi þær að leita hugmynda. „Stundum finnum við textana í einhverjum bókum en yfirleitt er þetta bara upp úr okkur sjálfum,“ segir Hulda sem er einnig mjög virk í kortaskrifunum. „Ömmu- og mömmukortin eru sívinsæl en svo eru það auðvitað ástarkortin sem seljast



vel,“ segir Hulda en mæðgurnar eiga hrós skilið fyrir frábært hugmyndaflug sitt við textagerðina. „Kort sem grínast til dæmis með að koma út úr skápnunum slógu í gegn,“ segir Hulda en sum kort hafa auðvitað misst

marks. „Kort sem hafa tvíraða merkingu með mögulegri dónalegri merkingu fara strax,“ segir Hulda og þar er mamma hennar sammála. „Dónalegustu kortin rjúka út eins og heitar lummur,“ segir Þórunn.

Eplafest



MacBook 13"

2,4GHz Intel Core 2 Duo

2GB innra minni

250GB harður diskur

Allt að 10 klst rafhlöðuending

Aðeins 2.13 kg / 2,74 cm þykk

Engir vírusar

Aðeins
169.990 kr.

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 10 klst rafhlöðuending

Takmarkað magn!



Apple iPad

byltingarkennd spjaldtölva frá Apple með Multi-Touch og kristaltæran skjá.

Einnig fánleg með 3G.

Verð frá **119.990.-**

Nýi iPod nano með snertiskjá er kominn!

Verð frá **36.990 kr.**



Frí námskeið á fimmtudögum

Nánar um dagskrá og tíma:
www.epli.is/fraedsla



Opið til 21 alla fimmtudaga

Verslun okkar er opin til 21 alla fimmtudaga í vetur.

Verið velkomin!

Frí ástandsskoðun

Fimmtudaga milli kl. 18:00 og 21:00

Við bjóðum viðskiptavini velkomna með Apple-tölvuna sína í ástandsskoðun án endurgjalds.

Í skoðuninni er farið yfir möguleika tölvunnar til að standast kröfur nútímans og er skoðað m.a. hvernig lengja megi líftíma tölvunnar og auka notagildi hennar.

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | fim. 10-21
Fös. 10-18 | lau. 12-16

www.epli.is

epli.is



KATRÍN ALDA Í EINVERU VAR FLÓTT Í TAUINU



ERLA HLÍN VAR SÆT OG FLÓTT KLÆDD Á AIRWAVES



SIGRÍÐUR HELGA VAR MEÐ TÍSKUNA Á HREINU Í LOÐVESTI



KRULLURNAR OG GLERAUGUN FARA EINSTAKLEGA VEL SAMAN



AIRWAVES ER TILEFNI FYRIR HRESSA ANDLITSMÁLNINGU HJÁ BÁÐUM KYNJUM

Yfirvaraskegg og andlitsmálning

Götutískan á **Airwaves** var fjölbreytt og skemmtileg

Mikil stemning var á Airwaves hátíðinni síðustu helgi og fylltist bærin af ólíku fólki frá öllum heimshornum. Stíllinn rölti um miðbæinn og ákvað að fylgjast með hvernig fólk væri til fara. Flestir klæddu sig í eitthvað hentugt og einfalt, enda var veðrið ekki upp á marga fiska. Þó leyndust nokkrir hressir einstaklingar inni á milli sem ákváðu að koma skemmtilega á óvart og klæða sig áberandi. Það var gaman að sjá hversu mikil fjölbreytni var í fatavali hjá fólki og enginn var eins.



ARON BERGMANN ER ALLTAF SMART



JOANA ROTTER FRÁ ÞÝSKALANDI VAR FÍN MEÐ BLEIKA SLAUFU



ÁGÚSTA HERA, HÖNNUÐUR, VAR GLÆSILEG AÐ VANDA



ÍSIRNINUM VAR EKKI HEITT INNI Á TÓNLEIKUNUM



SUMIR VORU DJARFARI Í KLÆÐNADI EN AÐRIR



Það er alveg ljóst að næsta sumar verður djörfum litum blandað saman eins og sést hjá **Prabal Gurung** og **Miu Miu**. Einnig verður mikið um að ólíkum mynstrum verði mixað hjá hönnuðum eins og **Karen Walker**. Hvítt og pastel, beinar línur og einföld snið verða í hávegum höfð, samanber **Calvin Klein**, og ekki verður farið sparlega með gegnsæ efni, þar sem þau verða mikið notuð, til dæmis hjá **Alexander Wang**.

Tískuvikan í New York

Alexander er sinn eigin herra

Allt spurning um að njóta

Alexander Kirchner

24 ára, módel og barþjónn.

Hvar verslar þú fötin þín? Þar sem það hentar hverju sinni, ef það er eitthvað sem kallar á mig.

Hvaða litum klæðist þú helst? Ég klæðist yfirleitt svörtu en auðvitað í bland við djarfari liti.

Hvað ertu að gera í lífinu um þessar mundir? Ég er minn eigin herra.

Hver er uppáhaldsflíkin þín?

Members only jakkinn minn, hann er svartur og hentar við öll tækifæri. Fer með mér hvert sem er.

Hvar finnst þér best að vera?

Einhvers staðar í trúnaði á góðu spjalli.

Hvaða lag geturðu spilað aftur og aftur?

Burial – Archangel.

Hugtakið tíska? Hræðilegt hugtak. Þetta er spurning um að vera samkvæmur sjálfum sér.

Hugtakið tíska? Hræðilegt hugtak. Þetta er spurning um að vera samkvæmur sjálfum sér.

Alexander klæðist:

- 66° Norður peysa **16.500 kr.**
- Dickies buxur **11.500 kr.**
- 66° Norður fóðraður jakki **36.000 kr.**
- Dickies skór **15.800 kr.**

ALEXANDER FRÝS
EKKI Í ÞESSU
DRESSI FRÁ VÍR



EKKI REYNA ÞETTA HEIMA HJÁ YKKUR



EGF húðdroparnir eru undraverk

EGF BIOeffect™ húðdroparnir er íslenskt fyrirbæri og byltingarkennd nýjung á snyrtivörumarkaði og greinilega það sem virkar. Þessir dropar eru þróaðir á grunni vísindarannsókna á líffræði húðarinnar. Droparnir eiga að sporna gegn öldrun húðarinnar og stuðla að endurnýjun húðfrumna, rakagefandi, gera hana mjúka, stinnari og frískari. Samkvæmt reynslusögum hafa droparnir virkað á mikinn þurrk í húðinni, þurra og sprungna hæla, exem í andliti og á líkama og hrukkur.

„Salan á BIOeffect™ EGF húðdropunum hefur verið hreint

ævintýri frá því þeir komu á markað í vor. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og er fyrst og fremst að þakka virkni húðdropanna og góðri upplifun fólks á þeim. Sala á vörunni erlendis er nú þegar byrjuð og hefur farið vel af stað, t.d. í Danmörku, Bretlandi og Póllandi, og við erum að vinna í markaðssetningu á húðdropunum um allan heim í samstarfi við erlenda dreifingaraðila,“ segir Brynja Magnúsdóttir, sölustjóri Sif cosmetics.

Droparnir hafa slegið heldur betur í gegn. Þeir fást meðal annars í Hagkaup, Lyfju, Debenhams, Fríhöfninni, Reykjavíkur apóteki og á helstu snyrtistofunum.



Djarfar augabrúnir í vetur

Þykkar og grófar augabrúnir er alveg málið í vetur ásamt látlausri og náttúrulegri förðun. Að sögn Elle tískublaðs hefur þetta sést hjá hönnuðum á borð við Chloé, Hermès, Prada og Vivienne Westwood.

Þar að auki er það merki um sterka og öflugna konu að vera með þykkar augabrúnir. Reyndu því frekar að halda í eðlilegu lögun þína á augabrúnunum og notaðu aughárablyant til að fylla inn í dreifð.



Tískuvikan í París

Dekkri litir einkenndu Fashion Week í París. **Metal** og **detailar** voru einnig áberandi hjá hönnuðum eins og **Balmain** og **Lanvin**. Glæsileiki á hönnun **John Galliano** hefur eflaust ekki farið framhjá neinum og hefur ákveðinn barokk flingur gripið um sig. **Viktor&Rolf** blönduðu saman skemmtilegum og djörfum litum sem kom mjög vel út á einföldum og beinum sniðum. Næsta sumar verður greinilega skemmtileg blanda.

Dæmisaga úr samfélagi þar sem þriggja ára stelpur eru í g-streng

Leik- og söngkonan **Ágústa Eva Erlendsdóttir** kom sér á kortið sem dívan **Silvía Nótt** og hefur leikið í hverri kvikmyndinni á fætur annari síðan. **Monitor** myndi ekki vilja mæta henni í dimmu húsasundi.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Gólli

sigyn@monitor.is
golli@mbl.is

Söngdívan **Silvía Nótt** tryllti lýðinn fyrir nokkrum árum með framkomu sinni og frábæru gríni. **Ágústa Eva Erlendsdóttir** setti sig í hlutverk þáttastjórnandans **Silvíu** og endaði með að taka þátt í Júrúvisjón fyrir Íslands hönd. „Mig hefði aldrei grunað að ég myndi taka þátt í Júrúvisjón,“ segir **Ágústa** og bætir við að hún hafi mjög takmarkaðan áhuga á keppninni. „Mér fannst eiginlega eins og ég væri að segja brandara allan daginn,“ segir hún um ævintýrið. **Ágústa** hefur verið áberandi í íslenskum kvikmyndum undanfarið ár, meðal annars sem vandæðaunglingurinn **Eva Lind** í **Mýrinni** og hin stórfenglega **Bjarnfredur** í **Bjarnfredarson**. Hún leikur löngu í kvikmyndinni **Borgríki** sem kemur út á næsta ári. „Ég lék öll mín bardagaatriði sjálf,“ segir **Ágústa** en hún æfði bardagalistir í **Mjölni** til að undirbúa sig fyrir hlutverkið. **Ágústa** er með mörg járn á eldinum en núna um helgina fara einmitt í loftið þættirnir **Hlemma** vélo þar sem hún fer með hlutverk dularfullu **Sómastúlkunnar**.

Eru þættirnir Hlemma vélo myndnari en Fóstbræður? Ég hef ekki séð nein atriði svo ég þori ekki að fara með hversu myndnir þættirnir eru. Þetta er svoldið nýtt form af sjónvarpsþáttum á Íslandi. Þetta er svona með nett súrrealískum keim en samt erum við að passa okkur mikið að afgangi þetta á frekar náttúrlíkan hátt sem á að skapa einhverja skemmtilega dýnamík og ég vona að það virki. Styrmir leikstjóri leikstýrði einmitt fyrstu **Fóstbræðraseríunni** og svo er **Sigurjón Kjartansson** einn af handritshöfundunum.

Hvernig var að vinna með **Pétri Jóhanni? Frábært.** Hann er alltaf í góðu skapi og ógeðslega duglegur. Hann leikur í hverri einustu senu og fær aldrei pásu en honum er alveg sama. Ég var að spyrja hann um daginn hvort þetta væri ekki erfitt og hann sagði bara að þetta væri ekkert miðað við í **Byko** í **Hafnarfirði**.

Þú hefur fengið við mörg bitastæð hlutverk og nú er von á tveimur kvikmyndum þar sem þú ferð með stórum hlutverk. Já, ég er að leika í bæði **Borgríki** og **Kurteis**u fólki hjá **Ólafi De Fleur**. Hann er mjög sérstakur maður en ég þekkti hann ekki neitt áður en ég gerði **Kurteist** fólki. Hann vinnur á hátt sem mér finnst rosalega heillandi. Hann einblínir á hluti sem skipta máli og reynir að halda öllu batteríinu eins mikið saman og hægt er. Allir þekkjast, hjálpast að og eru óhræddir við að gagnrýna og tilbúnir til að hlusta á gagnrýni.

Lærðirðu bardagalistir fyrir hlutverk þitt sem löngu í **Borgríki?** Ég hafði verið í **Mjölni** fyrir þremur árum og hringdi því í þáverandi félagi minn, sem er reyndar kærastinn minn í dag, og bað hann um að þjálf mig. Hann er líka löngu svo þetta hentaði allt saman mjög vel. Ég fékk að fara með á vaktir með löngunni og kynast því starfi mjög vel við undirbúning myndarinnar.

Varstu með áhættuleikara? Nei, ég lék öll mín bardagaatriði sjálf en að sjálfsögðu var ég vel undirbúin og með dygga aðstoð. Við höfðum bardagaatriðin eins raunveruleg og hægt er, ekkert kungfu eða karatebull. Ég fékk meira að segja eitt sinn alvöru, gott högg í andlitið. Mér brá svolítið en ég er von, kærastinn minn gaf mér blóðnasir á báðum í fyrsta skipti sem ég hitti hann.

Ertu eitthvað að keppa í bardagaþróttum? Ég er svo eftir á, ég hef aldrei æft neinar íþróttir og er lítil keppnismanneskja. Ég komst bara að því nýlega að tilgangurinn með að æfa eitthvað getur verið að finnast það gaman og gera það fyrir andlega og líkamlega heilsu. Ég hélt alltaf að fólk færi á æfingar til að vera mjótt, massa sig upp eða keppa og ef maður væri ekki feitur þyrfti maður ekki að æfa neitt. Hver veit hvort ég keppi einhvern tímann.

Myndirðu sigra **Gunnar Nelson í slag?** Já. Ég krossfesti hann við gólfíð í hvert skipti sem hann reynir eitthvað. Annars er ég að kenna honum að labba, tala og almenna framkomu. Hann slefar reyndar svolítið mikið en er allur að koma til. Hann er svo mikill bangsi.

Finnst þér skemmtilegra að leika í kvikmyndum en á sviði? Ég byrjaði á sviði, fyrst hjá Leikfélagi Kópavogs og síðan í **Hárinu** í **Austurbæ** og fílaði það alveg þannig séð en mér finnst svo sjaldgæft að leikhúsi sé skemmtilegt. Þegar það er gott er það engu líkt. Mig langar að gera eitthvað í leikhúsi en ég vil samt ekki hoppa á eitthvað sem ég finn mig ekki í.

Ertu hrædd um að þurfa að sýna sömu sýninguna of oft? Þegar ég var í **Hárinu** í **Austurbæ** var ég einmitt mjög stressuð yfir að þurfa að sýna sýningu eftir sýningu og reyna á endanum að skjóta mig í hausinn og upplifa mig eins og í **Groundhog Day**. Ég komst þó að því að í raun og veru er hver sýning ólík og maður hefur tækifæri til að gera betur og þróa sýninguna. Að því leytir er það alls ekkert þreytandi eða leiðinlegt. Þetta kom mér mjög á óvart og er bara eins og að mæta við sama skrifborðið dag eftir dag.

Hvernig var að alast upp í **Hveragerði?** Það fylgdi því mikið frelsi sem ég held að börn í dag upplifi ekki eins mikið. Börn í **Reykjavík** eru svo vernduð og ekki í lagi að hlaupa út á götu og vera lengi úti á kvöldin.

Þú fluttir mikið milli staða á tímabili. Já, ég flutti fyrst til **Noregs** frá **Hveragerði** og bjó þar í eitt ár. Svo flutti ég á **Hvolsvöll** og loks í **Hafnarfjörð** þegar ég var svona 14 ára. Þetta hafði sína kosti og galla en ég var alltaf stressuð fyrsta skóladaginn sem ný krakkinn í bekknum.

Hvað varð um raphljómsveitina **Kritikal Mazz sem þú söngst með?** Hljómsveitin gaf út eina plötu og er held ég bara hætt. Ég söng reyndar ekki mikið með þeim en þetta voru skólafélagar mínir úr **Íðnskólanum**. Þeir fengu meira að segja menn úr **Wu Tang Clan** til að gera eitt lag með okkur.

Var þetta alltaf spurning um leiklistina eða rappið? Veistu, ég dett bara einhvern veginn inn í svona hluti. Ég datt til dæmis bara inn í þessa raphljómsveit og líka inn í leiklistina hjá Leikfélagi Kópavogs. Söngurinn hefur samt alltaf verið í uppáhaldi og ég hef alltaf verið í kór og lærði í Söngskólanum í **Reykjavík**.

■ ■ Kærastinn minn gaf mér blóðnasir á báðum í fyrsta skipti sem ég hitti hann.

HRADASPURNINGAR

Uppáhaldsmatur? Það var pylsa en núna er það blóðugt nautakjöt.

Uppáhaldskvikmynd? **Borgríki**.

Fyndnasta manneskja í heimi? Í persónu er það **Þorsteinn Guðmundsson** og **Julia Davis** er ógeðslega myndin leikkona.

Besta húsráðið? Að taka til.

Jackie Chan eða Sylvester Stallone? Jackie Chan.

Hvers gætirðu ekki verið án? **Kærastans** míns.

Helsti kostur? Ég hef ótrúlega gott tímaskyn.

Helsti galli? Hvað ég er kvöldsvæf.

Jón Gnarr eða Pétur Jóhann? Pétur Jóhann því hann á færri vini.

Mesti óttinn? Að vera bara með eitt brjóst út af krabbameini.

Fallegasti staður á Íslandi? **Mjölni**.

Draumahlutverkið? Ég á eftir að búa það til.



Hvernig týpa varstu í menntaskóla? Ég var lítil menntaskólatýpa. Ég var í menntaskóla eina önn, vann í eina önn og hoppaði á milli skóla. Var að prófa alls konar hluti. Ég var alveg hress samt og fór á böll og tók þátt í félagslífinu.

Þú lærðir leiklist í París. Ég fór sumarið 2008 á leiklistarnámskeið í París hjá kennara sem fyrsti leikstjóri minn, **Ágústa Skúladóttir**, mælti með. Ég ákvað að skella mér bara af því ég hafði efni á því og mig hefur alltaf langað til **Frakklands**.

Ertu reiprennandi á frönsku? Guð minn góður nei. Ég var eitthvað að reyna að skilja frönskuna en það var algjörlega ómögulegt fyrir mig að skilja og tjá mig á frönsku. Ég lærði eitt orð á meðan dvölinni stóð en það var „enchanté“ sem kom sér mjög vel.

Varstu fátækur bóhem sem nærðist á listinni? Alls ekki. Ég lifði í hálfgerðum vellystingum og bjó í mjög flottri íbúð í góðu hverfi þar sem var bara gamalt fólk og hommar. Nágrannarnir voru frábærir og mér leið eins og það væri alltaf verið að passa upp á mig.

Hvernig kom **Silvía Nótt til sögunnar?** Við **Gaukur** fórum með nokkrar hugmyndir upp á **Skjá** einn þar sem við komum með tillögur að **Silvíu Nótt** og fleiri karakterum. Við reyndum meira að segja að selja þeim hugmynd að **Bjúgubílunum** sem átti að vera sápuópera leikin af **bjúgum** í fótum, svona eins og **Brúðubíllinn**. Þeim leist þó best á **Silvíu Nótt** og vildu gera þætti með henni.

Var hún þín útgáfa af **Johnny Naz eða jafnvel **Ali G**?** Eiginlega, en **Silvía** spratt einhvern veginn út úr því að manni ofbauð samfélagið og hvernig hegðun tíðkaðist. Það er alltaf snobbað fyrir einhverju, til dæmis hráfæði núna sem er bara eitthvað gerviheilbrigði, en fólk finnur sér svo sem alltaf eitthvað bull til að láta selja sér.

Hvað fannst þér um dýrkun ungu kynslóðarinnar á **Silvíu?** Það var mjög óþægilegt því við vorum að reyna að benda á eitthvað sem væri slæmt en vöktum um leið athygli á fátánlegheitunum. Börn eru algjörlega ómótuð og taka við hverju sem er ef þau fá ekki rétta leiðsögn. Foreldrar föttuðu kannski ekki grínið strax og sögðu ekki börnunum sínum til. Ég var einu sinni að vinna á leikskóla og þar var



viðtalið



Þriggja ára stelpa í g-streng af því að mamma hennar klæddist þannig. Svona er uppeldið á börnum mismunandi. Silvía Nótt er mjög einföld dæmisaga um eiginirni og hégómagirni sem í öllum tilfellum leiða til slæmra hluta. Þetta var í raun frábært tækifæri fyrir foreldra að benda á það.

Fannst þér erfitt að setja þig í hennar ýkta karakter? Undir lokin var þetta orðið svolítið erfitt en í heildina var þetta ótrúlega gaman. Þetta er svolítið langt djók en það er ekki eins og maður skipti um persónuleika heldur fannst mér bara eins og ég væri að segja brandara allan daginn í einhverjum spuna.

Eddurnar tvær gerðu það væntanlega skárri. Við litum eiginlega á Edduverðlaunin sem tækifæri til að vera með einhvorn gjörning á hátíðinni. Það skiptir mig meira máli að finna að ég sé að gera eitthvað gott og er stolt af en auðvitað er ég þakklát þegar fólk kann að meta verkin mín.

Hvernig var undirbúningurinn fyrir viðmælendur þína? Ég undirbjó þá yfirleitt með einhverju mind-fokki bara. Var kannski að rífast og skammast í Gauki og hrauna yfir hann fyrir tókuna fyrir framan viðmælendurna svo þeir gætu séð að það væri ekki alveg í lagi með þessa stúlku.

Áttu erfitt með að horfa á Júróvisjón eftir að þú fórst þangað sem Silvía Nótt? Ég hef á tilfinningunni að fólk haldi almennt að þetta hafi verið rosa klúður og eitthvað sem við skömmumst okkar fyrir en við skrifuðum þetta allt upp. Við miðuðum alltaf við karakterinn Silvíu og eiginleika hennar. Þó við værum í Júróvisjón ákváðum við að bregða ekki út af vananum, annað hefði verið algjört sell-out.

Gætirðu hugsað þér að taka aftur þátt? Ég hef persónulega mjög takmarkaðan áhuga á Júróvisjón svo það mun seint gerast. Mig hefði aldrei grunað að ég myndi taka þátt í Júróvisjón en vitandi hvernig það kom til er það mjög skiljanlegt.

Kemur Silvía Nótt aftur? Það þyrfti að vera við einhverjar mjög sérstakar aðstæður sem ég sé ekki fyrir mér í augnablikinu. Kannski kem ég bara með einhverja nýja típu sem borðar hráfæði.

Hvað er framundan hjá þér næstu misserin? Maður veit aldrei. Það er ekkert ákveðið en ég er bara að leika, syngja og vesenast í einhverjum verkefnum því skildu, sem er mjög skemmtilegt.

▲▲ Ég hef á tilfinningunni að fólk haldi almennt að þetta hafi verið rosa klúður.

**Þú ert góður í rúminu
frá okkur!**



RÚM

*RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0397 rum@rbrum.is www.rbrum.is*

FERILLINN



Jennifer Aniston

Hæð: 168 sentimetrar.
Besta hlutverk: Rachel í Friends. Munum við einhvern tímann sjá hana öðruvísi en sem Rachel?
Eitruð tilvitnun: „Það er engin eftirsjá í lífinu, bara lexíur.“
Skrýtin staðreynd: Var upphaflega beðin um að fara í leikprufu fyrir Monicu í Friends.

1969 Fæðist 11. febrúar í Los Angeles.

1993 Leikur í sinni fyrstu kvikmynd, hrollvekjuni Leprechaun. Áður hafði hún leikið í nokkrum sjónvarpsmyndum og aukahlutverk í þáttum.

1994 Fyrsti Friends-þátturinn sýndur.

1996 Leikur í gamanmyndinni She's The One sem slær í gegn. Í kjölfarið fylgja fjölmargar rómantískar gamanmyndir.

2000 Giftist leikaranum Brad Pitt sem hún byrjar með árið 1998. Þau skilja eftirminnilega árið 2005. Eftir skilnaðinn byrjar hún með leikaranum Vince Vaughn og síðar með tónlistarmanninum John Mayer.

2007 Tímaritið Forbes segir hana 10. ríkustu konu skemmtanaiðnaðarins.



Frumskýningar helgarinnar

Inhale

Leikstjóri: Baltasar Kormákur.
Aðalhlutverk: Dermot Mulroney, Diane Kruger, Sam Shepard, Rosanna Arquette og Vincent Perez.
Lengd: 90 mínútur.
Dómar: Ekki komnir.
Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Paul Stanton (Mulroney) er saksóknari sem fæst við kynferðisglæpi. Líf átta ára dóttur hans hangir á bláþræði, en hún þarf lífsnauðsynlega á nýjum lungum að halda. Þegar Stanton og kona hans (Kruger) sjá fram á að hún muni líklega ekki lifa af lengri bið grípa þau til örþrifaráða.

Takers

Leikstjóri: John Luessenhop.
Aðalhlutverk: Chris Brown, Hayden Christensen, Idris Elba, Matt Dillon og Paul Walker.
Lengd: 107 mínútur.
Dómar: IMDB: 4,9 / Metacritic: 4,5 / Rotten Tomatoes: 28%
Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Hópur bankaræningja nýtur lífsins eftir vel heppnað rán. Þegar fyrrum meðlimur hópsins sleppur úr fangelsi sannfærir hann hina um að ræna brynvarinn bíl sem flytur 20 milljónir Bandaríkjadala. Á hælum hópsins er spilltur lögregluþjafi sem er að biða eftir að þeir sofni á verðinum.

Bíómiðar og glaðningar í hverri viku

facebook.com/monitorbladid

The Switch

Leikstjóri: Josh Gordon og Will Speck.
Aðalhlutverk: Jason Bateman, Jennifer Aniston, Jeff Goldblum og Patrick Wilson.
Lengd: 101 mínútur.
Dómar: IMDB: 5,9 / Metacritic: 5,2 / Rotten Tomatoes: 51%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Taugaveiklaður og óruggur maður (Bateman) kemst að því að besta vinkona hans (Aniston) vill eignast barn með hjálp gervifrjóvgunar. Hann laumast til að skipta á gjafasæðinu og sínu eigin og þarf að lifa með leyndarmálinu um að hann sé faðir barnsins.

Konungsríki uglanna 3D

Leikstjóri: Zack Snyder.
Leikraddir: Jim Sturgess, Geoffrey Rush, Emily Barclay, Anthony LaPaglia, David Wenham, Ryan Kwanten, Helen Mirren, Sam Neill og Hugo Weaving.
Lengd: 90 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,2 / Metacritic: 5,3 / Rotten Tomatoes: 49%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Teiknuð ævintýramynd sem segir frá ungu uglunni Soren. Soren og bróðir hans lenda í klónum á ugluhópi sem ætlar að þjálfa þá til að verða grimmar herglur.



Mark Zuckerberg hefur loks tjáð sig um myndina The Social Network sem fjallar um hann og upphaf Facebook. Segir hann að aðstandendur kvikmyndarinnar eigi greinilega bágð með að skilja að hægt sé að skapa eitthvað eingöngu ánægjunnar vegna en ekki til að reyna að ganga í augum á kvenfólki. Segir hann þó klæðnað aðalleikarans vera nákvæmlega eins og sinn eigin, þar hafi tekist vel til.



Meryl Streep, sem fer með hlutverk Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, í kvikmyndinni The Iron Lady, ætlar sér að reyna að sýna mýkri hlið á járnfrúnni en almenningur hefur fram á þessu átt að venjast. Mótaleikarar hennar í myndinni segja einnig að Streep sé með einstaklega góðan breskan hreim. Hún muni jafnvel slá út hreim Renée Zellweger í Bridget Jones myndunum.



Leikarinn **James Franco** er nú talinn líklegur til að vera tilnefndur fyrir besta leik í aðalhlutverki á Óskarsverðlauninum en hann verður verðlaunaður fyrir leik sinn í kvikmyndinni 127 Hours á Santa Barbara kvikmyndahátíðinni í janúar. Meðal annarra sem hreppst hafa þau eftirsóknarverðu verðlaun eru Colin Firth, Penelope Cruz, Helen Mirren og Heath Ledger.



Leikkonan **Goldie Hawn** segir að þegar dóttir hennar, leikkonan **Kate Hudson**, kom í heiminn hafi læknarnir óvart sagt að hún væri strákur. Hawn brá í brún, enda hafi hún verið fullviss að hún gengi með stelpu. Segist hún ekki skilja hvert læknarnir hafi verið að horfa þegar þeir hafi ruglast svo hrapallega. Segir hún einnig að Kate hafi átt að heita Rebecca, en þegar ungabarnið hafi sparkað hressilega í sig hafi hún hugsað: Þetta er engin Rebecca, þetta er Kate!



TJARNARBÍÓ

FIM. Silesian/ÍD [id]
Colorblind/Singletrack
 Nánar á www.tjarnarbio.is

LAUG. „Allt fyrir mixið“
 Dj-græjukynning
 Nánar á www.tjarnarbio.is

SUN. Tónleikar:
Hrólfur Jónsson
 Nánar á www.tjarnarbio.is

FIM. FÖST. LAUG. Leiksýning:
Ódó á Gjaldabuxum
 Nánar á www.tjarnarbio.is

Miðsalan er opin virka daga frá kl. 13-15
 Sími: 527 2100
www.midi.is

KAFFIHÚSÍÐ MAJONES
 opið alla daga frá kl. 9-23

„Þegar ég fer á hnén, þá er það ekki til þess að biðja.“

Madonna

Íslenski dansflokkurinn

[Transaquadania Into Thin Air]

Morgunblaðið ★★★★★
„Fallett, ógnvekjandi,
fyndið, alvarlegt“

Pressan
„Ægífögur upplifun
sem ég hefði ekki
viljað missa af“

Fréttablaðið
„Heildstætt verk þar
sem áhorfandinn
gleymir sér í heillandi
goðsagnaheimi“

Höfundar
Erna Ómarsdóttir
Damien Jalet
Gabríela Friðriksdóttir

Tónlist
Valdimar Jóhannsson
Ben Frost

Sýnt í Borgarleikhúsinu
24/10 31/10 07/11 14/11 21/11
Miðasala í síma 568 8000
eða á www.id.is

[Íd] Íslenski
dansflokkurinn

hollt er gott



BK KJÚKLINGUR
alvöru grillaður kjúklingur

Grensávegí 5 | Reykjavík | Sími 568 8585
Opíð alla daga 11:00 - 22:00
www.bkkjuklingur.is



Fitulítil Ferskur Jógúrtis

Jógúrtisinn sem sló í geng í USA Núna á Íslandi

Nýr frábær Jógúrtis ferskari og fituminni Fituinnihald minna en 1% fjöldi spennandi bragðtegunda

Yfir 40 tegundir af fersku og spennandi meðlæti



Hollusta & Ferskleiki FroYo jógúrtis fæst aðeins í

Ávextir - Hnetur - Granola - Nammi

Ísbúðinni Álfheimum 4
Sími 568 0050 · froyo@simnet.is

FroYo jógúrtis er á Facebook

Tölvuorðabókin 2011 komin út



Til að kaupa hana í fyrsta sinn eða til að uppfæra úr eldri útgáfu, vinsamlega farið á þessa slóð:

<http://www.ordabok.is>

ordabok.is

LOKAPRÓFIÐ

21. október 2010 | **MONITOR skólinn**

Ég heiti Flankur Feitar Flanksson

Til þess að vera starfandi læknir og söngvari einn- ar vinsælustu hljómsveitar Íslands þarftu að

Þú veist hver ég er af því að ég var einu sinni á forsíðu Monitor. Og svo gæla ég líka skindud.

Ég get gert upp á milli barnanna minna og sagt

a) Andartak
b) Hunting for Happiness
c) Get It Together

er upphaldsplatán mín með Diktu vegna þess að lopapeysukrúttliðið sem hatar hana mest. Er þetta rokkið fyrir? Réykjavík Grapevine?

Síðan ég var á forsíðu Monitor

a) Geng ég alltaf með forsíðuna í jakkavasanum.
b) Hefur fólk verið að hringja í mig á nóttunni og anda í símann.
c) Hef ég íhugað alvarlega að hætta í tónlistinni og reyna fyrir mér sem fyrirsæta.

d) Allt að ofantölu er rétt.

Skemmtilegustu tónleikar sem ég hef spilað á voru útgáfutónleikar Diktu á Músa í Nív. í fyrra. Sá sjött það var gaman...

en það var ekki jafn gaman að spila rússneska rúllettu við Blazeca bátrúds á Spallanum

vegna þess að ég tapaði svo oft

Steiktasti meðlimur Diktu er

a) Ég sjálfur.
b) Gitarleikarinn Jón Bjarni.
c) Trommuleikarinn Jón Þór.
d) Bassaleikarinn Skúli.

Vegna þess að honum bláðir Filippo Bario.

Það sem fáir vita um mig er að ég er læknir. Næst dýk það kemur fram í öllum fókking viðtölum og fréttum um Diktu!!!

HVAÐ SAGDI ÉG ???!

Til þess að vera starfandi læknir og söngvari einn- ar vinsælustu hljómsveitar Íslands þarftu að

a) Leggja hart að þér og gefast aldrei upp.
b) Selja skrattanum sál þína.
c) Þekkja Summa í Mínus.
d) Svara stringilega spurningunni í fjölmörgum, vera skipulagð og brosa bara.

Besta íslenska bíómynd sem ég hef séð er Englar Alheimsins. Og bákinn er snilld líka. Og minn er ég ekki að grínast.

Ef ég yrði að taka að mér eitt af eftirtöldum dýrum myndi ég velja

a) Sel
b) Apa
c) Mink
d) Stíginn
og gefa dýrinu nafnið Selur Sig.

Upphaldstaugin mín er klárlega

a) Nervus ulnaris.
b) Nervus medianus.
c) Nervus musculocutaneus.
d) Get ekki valið úr taugum í plexus sacralis.
e) nervus vestibulocochlearis

Því hún gerir félki kleift að hlusta á tónlistina mína OG halda jafnari! Viðhú!



Sá svalasti í upprunalega Beverly Hills 90210 er

a) Brandon
b) Dylan
c) David
d) Steye
e) Homer Simpson.

Af því að ég er ekki krossþrottahefur.

Síðasta símtal sem ég fékk var frá Erni Stjórnvaljósmyndara Monitor sem var að segja mér að hana væri á leiðinni heim til mín að taka nektamyndir af mér. Mér fannst það skýrt á sínum tíma, en það var verið að vera líbí!

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Verið góð við hvort annað og góð við foreldra ykkar sérstaklega.

Síðast en ekki síst

» **Ásgeir Orri**, geðveikt finn gaur, fílar:

Kvikmyndin
Í augnablikinu Toy Story 3. Ég er ekki gæinn sem neitar að viðurkenna sanna snilli þó hún sé mainstream. Fyrir mína kynslóð er þessi mynd svo miklu meira en bara bíómynd. Toy Story serían hefur verið okkur leiðarvísir í gegnum lífið.

Sjónvarpsþátturinn
Dexter. Hver getur ekki tengt sig við morðóðan, tilfinningahemlaðan glæpavettvangs-blóðslettusérfræðing sem á erfitt með að fóta sig í samfélaginu?

Bókin
Ég fékk snilldar útskriftargjöf sem ég hef verið að vinna mig í gegnum, 1001 Movies You Must See Before You Die og 1001 Albums You Must Hear Before You Die.

Platan
Untitled - R. Kelly. Með sjónrænum og óstjórnlega fundnum textum, ferskum melódíum og ástríðufullum söng um allar hliðar ástarlífsins hefur R. Kelly í góðra vina hópi skapað þetta meistarástykki.

Vefurinn
kanyeuniversecity.com / kanyewest.com - bloggíð hjá Kanye er alltaf gott. Enginn þekkir tisku, góða tónlist, myndbönd og list yfir höfuð eins og hann. Nýjasta upptæki hans G.O.O.D Friday hefur ríghaldið mér inni.

Staðurinn
Fossvogsdalurinn á haustin. Þegar byrjar að kólna og vera ógeðslegt í Reykjavík er ennþá sól og sumarylur í dalnum og ekki skemma tennisvellirir í Víkinni fyrir.







fimmtudag **21**
okt

POWER HAS A FRAGRANCE

Listasafn Reykjavíkur
17:00 Gardar Eide Einarsson er einn nafntogaðasti listamaður sem komið hefur fram á sjónarsviðið á Norðurlöndum hin síðari ár. Nú opnar hann sýninguna Power has a fragrance í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Opnun sýningarinnar fer fram klukkan 17.

CLASSIC QUIZ

Faktorý
19:30 Pub quiz sem hentar sótsvörtum almúganum. Tuborg Classic í verðlaun, allir velkomnir og aðgangur er ókeypis. Fjórir saman í líði.

PARADISE NOW

Mír-salurinn
20:00 Félagið Ísland-Palestína sýnir verðlaunamyndina Paradise Now í Mír-salnum við Hverfisgötu 105. Aðgangur er ókeypis.



UPPISTAND Í TJÖRNINNI

Tjarnarbíó
21:00 Uppistandsveisla þar sem fram koma Þórhallur Þórhallsson, Þórdís Nadia Semichat, Daniel Geir Mortiz og Pálmi Freyr Hauksson. Leynistur kvöldins er Þórhallur Guðmundsson. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

SKUGGSJÁ

Kofi Tómasar frændi
22:00 Hjólmsveitin Skuggsjá leikir listir sínar fyrir gesti Kofans þetta fimmtudagskvöldið. Tilboð á barnum og aðgangur ókeypis.

BÍLALEST ÚT ÚR BÆNUM

Fjöruborðið
21:00 Moses Hightower, Jónas Sigurðsson og Ritvélarnar verða á veitingastaðnum Fjöruborðinu á Stokkseyri. Miðaverð er 1.500 krónur en miðaverð með

föstudag **22**
okt

DREKKTU BETUR

Gallery Bar 46
18:00 Langlífasta pub-quiz landsins fer fram alla föstudag á Gallery Bar 46 á Hverfisgötu 46. Þetta er það 380. í röðinni.

LJÓSVAKALJÓÐ

Norræna húsið
20:00 Stuttmyndahátíðin Ljósvakaljóð er nú haldin í fimmta sinn. Bestu stuttmyndirnar sem sendar voru inn í ár verða sýndar klukkan 20 og er aðgangur ókeypis. Klukkan 23 fer verðlaunaafhending svo fram.

LJÓÐAUPPLESTUR

Venue
20:00 Sjötta alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils fer fram um helgina og verður ljóðaupplestur á Venue klukkan 20, bæði á föstudags- og laugardagskvöld. Tugir ljóðskálda koma fram.

ER TVÍKYNHNEIGÐ TÍSKU-FYRIRBÆRI?

Samtökin 78
21:00 Ingólfur V. Sigurðsson, dósent, flytur erindi sitt, Er tvíkynhneigið tiskufyrirbæri og karlmennska testesterón? Fyrirlesturinn fer fram í Regnbogasal Samtakanna 78 við Laugaveg 3. Aðgangur er ókeypis.

laugardag **23**
okt

VINÁTTUTÓNLEIKAR

Sódóma Reykjavík
22:30 Pólsk-íslenskir vináttutónleikar verða haldnir á Sódómu og þar stíga á stökk íslenska hljómsveitin Save the Public og pólsk-íslenska hljómsveitin Nomader. Miðaverð er 1.000 krónur.

Í SVÖRTUM FÖTUM

Spot
00:00 Stuðhljómsveitin í svörtum fötum heldur uppi stemningunni á Spot í Kópavogi langt fram eftir kvöldi.



SJÓNVARPSLAUST FIMMTUDAGSKVÖLD

Slippsalurinn - Nema Forum
Fimmtudagur kl. 19:00

Það er hvort sem er ekkert í sjónvarpinu

„Ég horfi ekki á sjónvarp, svo það eru eiginlega öll kvöld sjónvarpslaus hjá mér,“ segir Sigurður Ásgeir Árnason Olsen, liðsmaður Ultra Mega Technobandsins Stefáns en hann og tónlistarmaðurinn Svavar Knútur hafa staðið fyrir svokölluðum Sjónvarpslausum fimmtudagskvöldum upp á síðkastið. „Ég er sjálfur fæddur 1989 þannig að það var nú fyrir mína daga sem sjónvarpslausu fimmtudagskvöldin voru. En miðað við hvernig hefur gengið hjá okkur þá held ég að það væri alveg hægt að taka þau upp aftur,“ segir hann. „Ég held að fólk horfi hvort sem er ekki svo mikið á sjónvarp lengur, fari bara á Youtube eða eitthvað!“

Sjónvarpslausu fimmtudagskvöldið verður einkar veglegt að þessu sinni en þar koma fram trúbadorinn Arnar Ólafsson, krúttsprengrjurnar í Pascal Pinon og rafbandið Elevator. Þá munu grínistarnir í Mið-Íslandi einnig koma fram en aðgangseyrir á allt heila klabbið er einungis 1.000 krónur. Hefst fjörið klukkan 19 í Slippsalnum - Nema Forum við Mýrargötu 2.

Óskar Jónasson

„Ég mun sjá heilan helling af stuttmyndum á Ljósvakaljóðum á föstudagskvöld, en þar er ég í dómnefnd.“



Helgin mín

ÓDÝRI
SPORTVÖRUMARKAÐURINN Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

50-70% AFSLÁTTUR AF SKÓM
VERÐ FRÁ 990

DÖMU-, HERRA- OG BARNAFATNAÐUR
NÝJAR VÖRUR LOKAHELGI

Intersport Bildshöfða / Sími: 585 7220
OPÍÐ: Mánudaga - föstudaga 10 - 19.
Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 - 18.

INTERSPORT

Samsung GALAXY 5



ENNEEM / SJA / NM44009

Vertu á Facebook í símanum

Netið í símanum frá 490 kr. á mánuði.

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL og Quad-band með WiFi og GPS.

1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MED